

andi eiga rétt á endurgreiðslu úr hendi stefnda. Með hliðsjón af álitum stjórnar Lögmannafélags Íslands og öllum atvikum málsins telst málflytningabókun stefnda hæfilega ákveðin kr. 8000.00.

Samkvæmt þessu verða kröfur stefnanda teknar til greina að öðru leyti en því, að vextir reiknast frá birtingardegi sáttakæru, 3. sept. 1954, og rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn, en uppsaga hans hefur dregið nokkuð vegna anna dómans.

Dómsorð:

Stefndi, Magnús Thorlacius, greiði stefnanda, Bengtu K. Andersen, kr. 2000.00 með 6% ársvöxtum frá 3. september 1954 til greiðsludags innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 13. febrúar 1957.

Nr. 54/1955. **Haukur Pétursson**

(Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Bifreiðastöðinni Stefni s/f

(Ragnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáttar Hæstaréttar.

Um ábyrgð farmflytjanda.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. apríl 1955 og krafist þess, að honum verði dæmt sýkna og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafist staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi tókst á hendur flutning á varningi þeim, sem í málinu greinir, gegn flutningsgjaldi. Varningurinn spilltist af bruna, meðan stóð á þeim flutningi, og hefur áfrýjandi eigi leitt sönnur að því, að bruninn hafi orðið, án þess að vanrækslu eða mistökum af hans hendi væri um að kenna. Ber hann því skaðabótaábyrgð á tjóni því, sem á varningnum varð, sbr. meginreglu í 147. gr. laga nr. 56/1914 og 18. sbr. 20. gr., 1. mgr., laga nr. 41/1949.

Stefndi hafði á hendi afgreiðslu fyrir bifreið áfrýjanda og tók á sig gegnt tjónþolanda að greiða skaðabætur vegna brunans, að því leyti sem váttryggingarfé hrökk eigi til. Þar sem áfrýjandi er ábyrgur vegna brunatjónsins og stefndi innti skaðabæturnar af hendi í sambandi við fyrirsvar sitt fyrir áfrýjanda, á stefndi framkröfu á hendur áfrýjanda til greiðslu skaðabótanna. Samkvæmt því, er nú var rakið, ber að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2200.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Haukur Pétursson, greiði stefnda, Bifreiðastöðinni Stefni s/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2200.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 19. janúar 1955.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 14. þ. m., hefur stefnandi Júlíus Bogason framkvæmdastjóri f. h. Bifreiðastöðvarinnar Stefni s.f., Akureyri, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefni 25. sept. s. l., á hendur þeim Hauki Péturssyni, Hringbraut 106, Keflavík, og Erni Péturssyni lögregluþjóni, Hafnarstræti 47, Akureyri, og gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda kr. 8.000.00 auk 6% ársvaxta frá 10. febrúar 1954 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndu krefjast sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Að sögn stefnanda eru málavextir þeir, að sumarið 1951 hafi stefndi Haukur, sem þá var búsettur hér í bænum, stundað akstur frá stöð stefnanda á bifreiðinni A 935, sem var vöruflutningabifreið, skráð eign stefnda Arnar. Hinn 7. júní það ár, er stefndi Haukur ók bifreiðinni með vörufarm frá Akureyri áleiðis til Reykjavíkur, kom upp eldur í farmi hennar, svo að hann varð ónýtur að mestu. Ókunnugt er um upptök eldsins, og leiddi saka-dómsrannsókn ekki í ljós, hver þau hefðu verið. Brunatjónið á vörunum varð yfir 48 þúsund krónur. Skyldutrygging bifreiðarinnar var aðeins 30 þúsund krónur, og greiddi váttryggjandi hennar þá upphæð til farmeigenda, sem voru Sápuverksmiðjan Sjöfn og verksmiðjur S.Í.S. á Akureyri. Af váttryggingarupphæðinni fékk Sápuverksmiðjan Sjöfn kr. 18.460.00, en verksmiðjur S.Í.S. það, sem umfram var. Annað váttryggingarfélag greiddi það, sem á vantaði, að verksmiðjur S.Í.S. fengju tjón sitt fullbætt.

Verðmæti varnings þess, sem Sápuverksmiðjan Sjöfn átti á bifreiðinni, nam kr. 35.303.90. Þar af björguðust verðmæti, sem metin voru á kr. 5.500.00 með samkomulagi Sápuverksmiðjunnar Sjafnar og stefnanda, og samþykktu báðir stefndu mat þetta. Óbætt tjón hennar nam því kr. 11.343.90, en upphæð þessa lækkaði hún til samkomulags í kr. 8000.00, og greiddi stefnandi þá upphæð hinn 10. febrúar 1954. Bætur þessar kveðst stefnandi hafa greitt farmeiganda, sökum þess að hann hafi verið bundinn loforði um, að bifreiðar, sem önnuðust flutninga frá stöð hans, væru nægilega hátt tryggðar fyrir tjóni, er verða kynni á farminum í flutningnum.

Stefnandi telur stefndu bera bótaábyrgð á tjóni þessu og hefur því höfðað mál þetta til endurgreiðslu á framangreindri upphæð úr höndum þeirra. Heldur hann því fram, að stefndu hafi borið ábyrgð á tjóni, er verða kynni á farminum, meðan hann var í vörzlum þeirra, auk ábyrgðar samkvæmt bifreiðalögum. Enn fremur hafi stefndi Haukur viðurkennt skyldu sína til þess að bæta tjónið með því að undirrita án nokkurs fyrirvara fundargerð stjórnar stefnanda frá 21. júlí 1952, en í fundargerð þessari er bókuð svofelld ályktun, sem samþykkt var á fundinum:

„Þar sem Haukur Pétursson hefur lofað, að haldið skuli eftir af launum hans hverju sinni eftir samkomulagi upp í kostnað þann, er verða kann af brunatjóni því, er varð 7. júní 1951, samþykkir fundurinn, að honum verði greitt að fullu það, sem hann á inni hjá stöðinni.“

Stefndi Örn skýrir svo frá, að upphaflega hafi þeir þrír bræður,

Jón Pétursson og stefndu, Örn og Haukur, verið sameigendur bifreiðarinnar A 935, en bifreiðin var þó skráð eign Arnar eins. Síðar, en löngu áður en fyrrgreindur farmur brann, seldi stefndi Örn Jóni bróður sínum sinn hluta, en eigendaskiptin voru ekki tilkynnt til bifreiðaskrár. Sýknukröfu sína byggir stefndi Örn aðallega á því, að hann sé ekki aðili að máli þessu, en meðstefndi Haukur sé raunverulegur eigandi bifreiðarinnar og hafi einn umráð hennar og arð. Til vara byggir hann kröfu um sýknu sér til handa á sömu ástæðum og meðstefndi Haukur og enn verður sagt.

Stefndi Haukur viðurkennir, að hann beri eigandaábyrgð á bifreiðinni, en telur, að tjónið hafi ekki orðið með þeim hætti, að slík ábyrgð komi til samkvæmt 34. gr., 1. mgr., bifreiðalaganna, þar sem tjónið hafi ekki orðið af völdum hættueiginleika bifreiðarinnar, en við þessa háttar tjón eigi grein þessi einungis. Vátryggjendur bifreiðarinnar hafi því greitt vátryggingarféð, án þess þeim bæri skylda til, en viðskipta- og samkeppnissjónarmið hafi legið að baki greiðslunnar. Hann kveðst heldur ekki hafa skuldbundið sig til að greiða tjónbætur með loforði eða samningi og kveðst stöðugt hafa haldið því fram, að hvorki hann né stefnandi væri ábyrgur fyrir tjóninu. Hins vegar hafi forráðamenn stefnanda virzt hafa tilhneigingu til að bæta tjónið og hafi sjálf-sagt viðskiptaástæður legið því til grundvallar. Kveðst hann hafa sagt, að þyrfti stefnandi nauðsynlega að greiða bætur, vildi hann reyna að taka einhvern þátt í því eftir nánara samkomulagi, ef kringumstæður hans leyfðu. Þannig beri að skoða undirskrift hans undir fyrrgreinda fundargerð. Hann kveðst og aldrei hafa lofað að annast vátryggingu farms umfram skyldutryggingu og aldrei fengið tilmæli um slíka vátryggingu.

Hafa nú verið raktar sýknuástæður stefnda Hauks.

Af því, sem fram er komið í málinu, verður ráðið, að stefndi Haukur var eigandi bifreiðarinnar A 935 og hafði einn umráð hennar og arð. Ber að fallast á það með stefnda Erni, að hann beri ekki ábyrgð á henni samkvæmt 35. gr. bifreiðalaga, og á hann því að vera sýkn af kröfum stefnanda í málinu, en málskostnaður þykir mega falla niður, að því er hann snertir.

Í ferð þeirri, sem um ræðir í máli þessu, hafði stefndi Haukur tafizt í sólarhring á Blönduósi vegna viðgerðar á bifreiðinni. Hann fór þaðan að áliðnu kvöldi, en bifreiðarstjóri, sem kom á móti honum, gaf honum stöðvunarmerki 40 mínútum síðar. Var þá eldur í farmi bifreiðarinnar. Umbúnaður um farminn var með þeim hætti, að metersháar hliðargrindur voru á pallinum, og yfir

farminn var breitt tvöfalt segl. Farmurinn var aðallega þvotta-duft, sápa, jógursmyrsl og tóvara. Þegar stefndi Haukur nam staðar, var seglið alveg brunnið og eldur kominn í farminn allt í kring á pallinum og í hliðarborðin. Bifreiðaeftirlitsmenn, sem skoðað hafa bifreiðina, telja útilokað, að eldur hafi kviknað frá bifreiðinni sjálfri, en benda á þá möguleika, að um sjálfsíkveikju hafi verið að ræða í vörunum eða að vindlingaeldur hafi komiðt að þeim. Stefndi Haukur hefur skýrt svo frá, að hann geri ráð fyrir, að hann hafi reykt við aksturinn, en kveðst venjulega slökkva í vindlingum, áður en hann kastar þeim út. Virðist það, hvernig eldurinn hagaði sér, að seglið brann og eldurinn breiddist út utan með farminum, benda í þá átt, að um utanaðkomandi eld hafi verið að ræða. Hvort sem það hafi verið eldur frá vindlingabút eða annar eldsneisti, sem festst hefði í seglinu, mundi loftstraumurinn af hraða bifreiðarinnar hafa örvað eldinn og að líkindum valdið því, að kviknaði í seglinu og farminum. Með hliðsjón af þessu þykir ekki sannað, að tjónið hafi stafað af öðru en hættueiginleikum bifreiðarinnar. Kemur því hér til greina ábyrgðarregla 34. gr., 1. mgr., bifreiðalaganna. Þar sem ekki þykir leitt í ljós, að tjóni hefði ekki orðið afstýrt, þótt stefndi Haukur hefði sýnt fulla aðgæzlu og varkárni og bifreiðin hefði verið í lagi, ber þegar af þeirri ástæðu að leggja bótaskyldu á herðar honum samkvæmt greindri ábyrgðarreglu. Leiðir það til þess að taka ber til greina kröfu stefnanda á hendur honum um greiðslu á kr. 8000.00 auk 6% ársvaxta frá 10. febrúar 1954 til greiðsludags og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.300.00.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi Örn Pétursson á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Bifreiðastöðvarinnar Stefnis s. f., í máli þessu, en málskostnaður hans fellur niður.

Stefndi Haukur Pétursson greiði stefnanda, Bifreiðastöðinni Stefni s.f., kr. 8000.00 auk 6% ársvaxta frá 10. febrúar 1954 til greiðsludags og kr. 1300.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.